

Nr. 36/1913.

L. M. Diechmann  
 gegn  
 Kristjáni Kristjánssyni.

## D ó m u r:

Við áfryjun máls þessa, sem farið hefir verið með og dæmt fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og skotið hefir verið af báðum aðilum til yfirdómsins, hefir að eins manni þeim, sem dæmdi og uppkvað hinn áfryjaða dóm, sem settur bæjarfógeti, verið stefnt fyrir yfirdóminn »til þess að verja dóm sinn og málsmedferð í héraði«, en hinum reglulega (skipaða) bæjarfógeta, sem fór með málið frá upphafi og alt til þess, er það var tekið undir dóm, hefir eigi verið stefnt, og hefir hann þó eigi fráfallið stefnu í málinu, og eigi hefir hann mætt né látið mæta í yfirdóm-inum. Með því að fyrirmælum N. L. 1—2—3, sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 18. gr., hefir þannig eigi verið fullnægt í málinu, ber að frávísa því í heild sinni. Málskostnaður virðist eiga að falla niður.

## Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Málskostnaður falli niður.